



## Ræða á fundi Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík 11. september 1953

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Sjálfstæðisflokkurinn – Sjálfstæðisfélag – Sjálfstæðisfélög í Reykjavík – 11 september 1953 - 1953

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefur ekki virgt í heild, en  
„referat“ í Mbl. 12/9/53.

Bjarni Benediktsson, domsmálaraðh.,  
Ræða á fundi Sjálfst.fél. í Rvík 11./9. '53:

Það væru sízt öfgar eða ofmælt þótt sagt sé,  
að lengst af á starfsæfi okkar, sem nú erum nokkurn  
veginn miðaldrar, hafi stöðugt farið vaxandi margs-  
konar ríkisafskipti og fyrirmæli yfirvaldanna um  
málefni borgaranna, og þar af leiðandi vaxandi  
ófrelnsi peirra og heimildaleysi til þess að ráða  
sínum eigin málefnum.

Þessi hafta- og ófrelsissstefna náði hámarki  
í peirri ríkisstjórn, sem ég átti nú fyrst sæti í,  
stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem að verulegu  
leyti byggði á skipulagningarkenningum og ætlunar-  
búskap sýrirheitum Alþýðuflokkssins. Það mátti auð-  
vitað deila um, hvort rétt hefði verið af okkur að  
fallast á þáttöku í slíkri stjórn. Við töldum það  
nú rétt, eins og á stóð; en við sáum glögglega við  
störfin í peirri stjórn og ihugun ástandssins, sem  
þá hafði skapast, að svo mátti ekki lengur ganga.  
Þess vegna var það, að í ávarpi, sem Sjálfstæðis-  
flokkurinn gaf út fyrir alþingiskosningarnar 23. okt.  
1949, þá tókum við berum orðum fram á pessa leið:

"Flokkurinn telur, að nú hafi verið svo  
langt gengið í þessum efnum, að óefni sé  
komið. Reynslan og rás viðburðanna hafa  
synt að ótvíreðan hatt, að núverandi efnah-  
agsörðugleikar þjóðarinnar eru í megin-  
atriðum sprottnir af því, að grundvallar-  
stefna Sjálfstæðisflokkssins hefur ekki  
fengið að ráða".

Síðan segjum við. "að fyrir því telur flokkurinn  
óumflýjanlega nauðsyn að tafarlaust verði snuið af  
braut ríkjandi ofstjórnar, losað um höft á verzlun  
og athafnalifi og fækkað opinberum nefndum og ráðum  
út frá því meginjónarmiði, að landsmönnum verði sem  
fyrst fengið aftur það athafnafrelsi, sem peir prá  
og þjóðarhagsmunir krefjast".

Betta var skýr yfirlýsing um að nú yrðu að verða stefnuskil í íslenzkum stjórnálum, að yfirlýsing með höftin og ófreldi og stefna á ný inn í land frelsis og par af leiðandi framfara.

Þessi kosningayfirlýsing Sjálfstæðismanna haustið 1949 reyndist engan veginn orðin tóm, heldur lánaðist okkur að móta stefnu fyrrverandi ríkisstjórnar, sem stóð lengst af síðasta kjörtímabil, á pann veg, að framfylgt var þessari kröfum okkar, að nú yrði breytt um. Auðvitað naðist ekki allt, sem við vildum, enda sögðum við það strax 1949, að slik gerbreyting hlyti að taka langan tíma, en engum óbreyttum manni getur dulist, að mikið hefur á unnið. Enda kom viðurkenning á þessu fram í ályktun Landsfundar Sjálfstæðisfloksins og stjórnálafyrlyssingu, sem sampykkt var á Landsfundinum nú í vor. Þar segir á þessa leið:

"Á því kjörtímabili, sem nú er að líða, hafa orðið stefnuskil í íslenzkum stjórnálum. Mörg og stór framfaraspór hafa verið stigin á síðasta aldarfjórðungi, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur att sinn mikla þatt í að marka, þrátt fyrir minnihluta á Alþingi. Hins vegar hafði flokkurinn ekki bolmagn til þess að hindra stöðugt vaxandi afskipti ríkisins af malefnum einstaklinganna. Ný og ny höft voru því á lögð, sköttum bætt ofan a skatta og framkvæmdarprek og sjalfsbjargargreiðslu hvöt storlega lómuð. Fyrir forgöngu Sjálfstæðismanna og í samræmi við stefnuskrá þeirra í síðustu kosningum var horfið af þessari braut. Minnihlutastjórn Sjálfstæðisfloksins markaði á öndverðu kjörtímabili þá stefnu, sem síðan hefur verið fylgt, að tryggja þjóðfélagspegnunum sem öruggasta og arðvenlegasta atvinnu, með því að koma á jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar, svo að takast metti að reka höfuðatvinnuvegi hennar styrkja- og hallalaust í meðalarferði og skapa með þessum aðgerðum skilyrði til þess að forða ríkissjóði fra greiðsluhalla, að afleitia höftum og gefa innflutningsverzunina frjálsta og hefja þannig nýjan kafla í framfarasögu landsins".

Þessi var meginstefna fyrrverandi ríkisstjórnar. Og þegar að því kom, nú eftir kosningarnar, að mynda skyldi nýja ríkisstjórn, þá ákvað Sjálfstæðisflokkurinn að taka ekki þátt í neinni ríkisstjórn, sem ekki

fylgdi pessari meginstefnu. Þess vegna töldum við þýðingarlaust að hefja samninga við Alþýðuflokkinn um páttöku í ríkisstjórn, nema fyrir lægi skýr og ótvíremð yfirlýsing hans um, að hann væri horfinn frá villu síns vegar og vildi nú taka pátt í peirri frelsisbaráttu, sem fyrrverandi ríkisstjórn í pessum innanlandsmálum okkar íslendinga. Af pessari meginstef nu okkar Sjálfstæðismanna leiddi því pað, að ekki gat komið til mala, að samið yrði við neinn annan pann flokk en sem vildi fallast á pessa okkar höfuðstefnu. Og nú hefur samningunum, sem formaður flokksins, hinn nýi forsetisráðherra, Ólafur Thors, gerði grein fyrir aðdragandanum að, lyktað á pann veg að ekki verður um villst, að petta höfuðsjónamið okkar, pað sem mestu mali skiptir, er sett sem aðalstefnumið og hinnar nýju ríkisstjórnar. Í samningum, sem gerður hefur verið, og lesinn upp af forsetisráðherranum í ríkisútvarpið í kvöld segir svo: "Pað er höfuðstefna ríkisstjórnarinnar að tryggja landsmönnum sem öruggasta og bezta afkomu. Til þess að því marki verði náð, telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að sem mest frjálsræði ríki í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar, en skilyrði þess að svo megi verða er að tryggt verði jafnvægi í efnahagsmálum inn á við og út á við.

Ríkisstjórnin mun því beita sér fyrir hallalaustum ríkisbúskap og fyrir því að atvinnuvegirnir geti orð ið reknir hallalaust þannig að þeir veiti næga atvinnu".

Petta er dálitið öðruvísi orðað, en pað getur engum blandast hugur um, að efnið er nákvæmlega hið sama, sem var höfuðefnið í ávarpi Landsfundarins til íslendinga í vor. Þannig, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur mótað stefnu pessarar ríkisstjórnar. Við eigum ekki að helast um yfir því, eða telja að

aðrir hafi gert lítið úr sér með því að fallast á pessi málefni, heldur skulum við fagna því, að tekist hefur að fá Framsóknarflokkinn aftur til þess að taka upp og halda áfram peirri stefnu, sem hafin var <sup>astæða</sup> eftir kosningarnar 1949. Og þeim mun meiri ~~gleði~~ er til þess að fagna því að svo vel hefur til tekist, sem við öll vitum, að harðar deilur hafa um þetta staðið innan Framsóknarflokksins.

Eftir að pessi megin yfirlýsing er fram komin, sem auðvitað mun móta öhl stjórnarstörfin, eru svo tekin fram nokkur einstök mál, sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir.

Nú er það auðvitað svo, að/málefnalistar geta verið ýmist langir eða stut tir, og segja, má, að áferðarfallegrí mundi peir vera með því að víkja að sem flestum góðum málum og heita þeim stuðningi.

Við, sem höfum verið í ríkisstjórn, viljum þó heldur binda okkur við færri atriði, hafa þau eins skýr eins og hegt er og eiga þá frekar von á því að geta framkvæmt það, sem í upphafi var ætlast til, en veifa ekki framan í menn dulum, að vísu mörgum og litfögrum, sem allir vita frá fyrstu að ekki eru ætlaðar til alvarlegrar notkunar, heldur einungis til skreytingar.

Nú má það vel vera, að misjafnlega gangi að koma öllum þeim málum fram, þó ekki séu fleiri, sem talin eru í þessari málfnaskrá. Það er óhætt að segja, að sum peirra eru svo mikils virði, að ef ekki tekst að efna þau eins og vonir standa til, þá er sjálfsgagt að rjúfa þessa stjórnarsamvinnu. Þetta á auðvitað ekki við um þau öll, þau eru misjafnlega mikilsverð eins og ætið er, en þó eru þau flest þess eðlis, að ætlast verður til og kjósendurnir eiga rétt á því, að krefjast þess, að við, innan hæfilegs frests, allt tekur sinn tíma, komi þessum málum fram,

ekki sízt úr því að þau eru ekki fleiri en hér eru sett, og af því þau eru hér sett með það fyrir augum að koma þeim fram, en ekki til þess að hafa petta sem augnayndi eða til þess að það hljómi vel.

Við segjum, að haldið mun verða áfram að vinna að framkvæmd framfaramála þeirra, sem fyrrverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir og einstök mál skal petta tekið fram:

"1. Lokið verði á nes ta Alþingi end urskoðun skatta- og útsvarslaga, m.a. með það fyrir augum að lækka beina skatta og fera með því til leiðrétt- ingar misfæmi vegna verðlagsbreytinga og stuðla að aukinni söfnun sparifjár." Það þarf ekki að taka það fram, að þessi stefnuyfirlysing er í fullu samræmi við yfirlysingar okkar Landsfunda. T.d. segir í yfirlysingunni um skattamál: "Landsfundurinn harmar það, að ekki tókst að ljúka fyrir síðasta ping heildarendur- skoðun skattalaga, sem hafin var að tillögu Sjálf- stæðismanna. Telur fundurinn, að það hljóti að vera eitt meginskilyrði Sjálfstæðisflokkssins fyrir sam- vinnu við aðra flokka, að samvinna náist um viðunandi lausn þessa mikilvæga máls. Er það skoðun fundarins, að með engu móti megi lengur skjóta á fræst að gera viðtækar breytingar á gildandi skatta- og útsvars- lögum, sem m.a. feli í sér þau atriði, sem á eftir eru talin." Þarna er sagt, að petta eigi að vera eitt af meginskilyrðum Sjálfstæðisflokkssins fyrir samvinnu við aðra flokka, og það er efnt á þann veg, að það er sett sem fyrsta skilyrðið í hinum nýja mállefnsamningi. Hitt liggr í augum uppi, að hér er um miklu flóknara mála að reða en svo, að hegt væri að semja um það í einstökum atriðum, hvernig þessu skyldi fyrir komið. En það er fengin yfirlysing þessara tveggja flokka um að tilgangurinn sé að lækka beina skatta og að stuðla að aukinni söfnun

sparifjár. Og vitanlega verður petta að vera gert með raunhæfum ráðstöfunum, þannig að engum geti dulist, að parna sé staðið við það, sem lofað hefur verið. Það starfar nú sérstök nefnd að endurskoðun skatta- og útsvarslaganna. Það má vel vera, að hún geti ekki lokið störfum fyrir pingi, en ætlunin er, að því pingi, sem kemur saman í október, ljúki ekki fyrr heldur en lausn þessa máls er fengin á einn eða annan veg. Og það kemur okkur ekki á óvart, sem til pekkjum, að það verð i í senn höfuðmál pingsins og um leið erfiðasta mál pingsins, að fá um petta viðhlytandi samkomulag, svo mikið sem á milli ber um einstök atriði, en stefnuyfirlysingin er a.m.k. alveg ljós og ótvírað.

Með því sem sagt er parna í lokunum, að stuðla að aukinni söfnun sparifjár, er rétt að geta þess, að það er vaxandi fylgi fyrir þeirri hugmynd, sem frá kom í frumvarpi Jóns Pálmasonar á síðasta pingi, að gefa sparifé, og þá sennilega óhjakvæmilega a.m.k. ríkistryggðum skuldabréfum, gera þau alveg skattfrjáls. Hitt er deilt um ennpá, hvort petta eigi að vera undanþegið framtalsskyldu, sem ýmsir Sjálfsteðismenn leggja mikla áherzlu á. ~~Annað atriði~~.

Annað atriðið, sem fram er tekið í þessari yfirlysingu er, að hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva (einkastöðva) vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa rafmagn, eða búi við ófullnægjandi raforku og vinna að lækkun raforkuverðs, þar sem það er hægt. Tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn sem svarar 25 milljónir króna á ári að meðaltali næstu ár. Er þá miðað við 10 ára bil. Í þessi skyni verði lögboðin árleg framlög af ríkisfé aukin um 5-7 millj. króna og rafmagnsveitum ríkisins og raforkusjóði tryggðar 100 millj. krónur að láni og gengur það fyrir öðrum

lánsútvegunum af hendi ríkisstjórnarinnar, að undanteknum lánum til sementsverksmiðjunnar. Auk þess séu gerðar ráðstafanir til þess að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins.

Þessar frí sampykktir eru mjög í samræmi við það, sem gert var á síðasta Landsfundi okkar í vor. Þar var sagt um landbúnaðarmálin, að markvisst sé unnið að því eftir ítrustu getu að sveitirnar fái aðgang að rafveitu á sama hátt og kaupstaðir og kauptún. Auk þess var ítarleg sampykkt gerð um raforkumálin, sem mér vinnst þó ekki tími til að lesa upp, en skal aðeins taka þetta úr: " - en það verður best tryggt með því að fólkioð úti um byggðir landsins njóti ekki lakari lífskjara og þeginda en íbuár kaupstaðanna!" Ennfremur "að frámlag til rafokusjóðs verði stóraukið frá því sem nú er", "að frámlag á fjárlögum til nýrra raforkuframkvæmda verði margfaldað", og "fundurinn telur, að afla megi fjár til að hraða framkvæmdum með lántökum innanlands eða utan og telur miður farið, að ekki skyldi verða sampykkt frumvarp það um lántöku handa rafmagnsveitum ríkisins, sem Sjálfstæðismenn báru fram á pinginu".

Það er ljóst af þessu, að þessar sampykktir eru aðeins útfærla á því, sem Landsfundurinn sampykkti um þessi mál. En sannast best að segja, þá er það álit, ja fyrst og fremst fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins utan af landi, og ég hygg að við getum bætt okkur Reykjavíkurfulltrúunum við í þann hóp, að það þá liggi við landauðn, ef ekki verður gert stórt áatak nú í þessum málum, að þá verði ómögulegt að halda við byggðum viða úti um sveitum landsins og þorp. Og þess vegna, ef vi ó viljum ekki að ~~beinlínus~~ byggðin svo að segja sporðreisist og allur landslyður komi hingað til Reykjavíkur og hennar nágrenni, þá sé það fyrsta og nauðsynlegasta aðgerðin að koma rafmagni

sem viðast um landið. Þetta er ekki ný skoðun Sjálfstæðismanna. Það voru Sjálfstæðismenn undir forystu Jóns heitins Þorlákssonar, frumkvæði Jóns á Reynistað, sem fyrst tóku þetta upp á pingi, skömmu fyrir 1930. Þá átti það litlum skilningi að mæta af hálfu Framsóknarmanna. Þeir eru nú orðnir nokkuð skilningsbetri og hafa undanfarið verið að af því að þeir vissu, að til stóð að setja um þetta ákvæði í málefnasamninginn, samþykktir funda sinna um þessi mál, til þess með því veantalega að tileinka sér, að þeir eigi í þessu eitthvert frumkvæði. Við sjáum af því, sem ég hefi rakið, að svo er ekki, en við getum þá fagnað því, að við eignum í þessu öfluga bandamenn og skulum ekki ásaka þá fyrir það, heldur pakka þeim fyrir við stuðning ~~fyrir~~ gott málefni og vonast til þess að það verði svo í sem flestum góðum málum, að þeir láti ekki á sér standa.

Það kemur fram í þessari samþykkt, að til þess er ætlast, að trygg~~lan~~ verði, ekki fengið, heldur tryggt verði, að ~~málf~~, sem hér er um talað til þessara frankvænda úti um landið, sem ráðgert er að standi 10 ára bil, áður heldur en leitað verður eftir öðrum lánum af hálfu ríkisins, að undantekinni sementsverksmiðjunni, og þá auðvitað smáibúðalánu, sem nú er verið að útvega og úthlutað smáum saman. Það má segja, að með þessu séu önnur mál sett á hakam. Við því er ekkert að gera. Eitthvað verður að hafa fyrst framgang, og það var rík skoðun okkar pingfulltrúa utan af landi, að það væri ónjákvæmilegt og sjálf sagt, að við Sjálfstæðismenn styddum þetta og að þessar framkvæmdir yrðu nú að vera tryggðar áður en ráðist yrði í aðrar stórframkvæmdir fyrir okkur Reykjavíkinga, eignum við þá fyrst og fremst við Sogsvirkjunina. Við fengum því hins vegar áorkað, og um

það var enginn ágreiningur í okkar flokki, að auðvitað yrði með eðlilegum hætti að halda áfram og tryggja virkjun Sogsins. En það verður þá að gera með því að útvega fyrst það fé, sem til pessarar raforkuáætlana úti um land þarf, og síðan sem allra fyrst að hefjast handa og þá vinentanlega meðst í útlöndum um lán til handa virkjunar Sogsins. Þetta liggar ljóst fyrir í samningnum og getur ekki um það orðið neinn ágreiningur, að Sogsvirkjuninni er parna einnig tryggður framgangur.

Þá er parna í þriðja liðnum sagt á pessa leið: "Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabyggings í kaupstöðum og kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. "

Það er mað þetta mál eins og önnur þau, sem ég drap á, að það er í samræmi við okkar stefnuskrá. Það segir m.a. í ályktunum frá Landsfundinum í vor: Fundurinn telur mikilvægt að afla sem allra fyrst lánsfjár til smáibúða, sem ríkisstjórnini var heimilað að taka með lögum frá síðasta þingi. Fundurinn vill styðja eftir fögum byggingu verkamanna-bústaða og samvinnubyggingafélög en telur rétt að afnema samþyrgð þá, sem gildir í samvinnubyggingafélögnum. Þá bendir fundurinn á það alvarlega ástand, að ógerlegt skuli vera að þá venjuleg fasteignaverðslán og leggur því ríka áherzlu á það, að ríkisstjórnin leiti allra ráða til þess að efla veðdeild Landsbankans, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi Jóhanns Hafsteins og fleiri Sjálfstæðispingmanna, sem vísað var til ríkisstjórnar á síðasta þingi. En fremur telur fu ndurinn einu skinsamlegu leiðina í þessu mali vera þá, að greiða fyrir því með hagkvænum lánum, að hver fjölskylda geti eignast

sitt eigið heimili. Það má segja að það sé úrdráttur úr pessu, sem sagt er í pessum briðja lið stefnuyfirlysingarinnar, þannig að hún er í fullu samræmi við hann og í viðtöllum hefur það glögglega komið fram og verið játað af fulltrúum beggja flokka, að það væri ófært fyrir hverja stjórn í landinu, sem ekki tækist að tryggja til frambúðar hæfileg lán út á eðlileg íbúðahús í landinu. Það er með petta eins og sumt fleira, að það eru ófundnar leiðirnar þó að mönnum hafi dottið tilteknar í hug og petta parfnast frekari athugunar og verður ekki lokið í skýndi og ætlunin er að fylgja pessum málum fast eftir.

Fjórði liðurinn er svo : "Því verður til vegar komið, að framleiðendur sauðfjárafurða eigi kost á rekstrarlánum út á afurðir sínar fyrirfram snemma á framleiðsluárinu eftir hliðstæðum reglum og lánað sé út á sjá ávarafurðir. Þessi liður er að efni til og formi kominn frá Framsóknarflokknum. Við Sjálfstæðismenn höfum hins vegar ekki haft neitt á móti honum heldur þvert á móti talið að petta mundi horfa til góðs. Ég geri rauðar ráð fyrir, að fyr ir Framsóknarmönnum vaki ef til vill að peir með pessu geti eitthvað rýmkað um fé sem kaupfélögin hafi til meðferðar. Ég skal ekki segja hvað vakir fyrir þeim í því efni, en málid er engu að síður gott og ekki ástæða til þess fyrir okkur Sjálfstæðismenn heldur en að fylgja því eindregið eftir. Það kom glögglega fram í yfirlýsingu landsfundarins síðasta um landbúnaðarmál, að talið var að beta þyrfti hlut framleiðenda þannig að peir fengju útborgað meira af verði afurðanna en nú er, um leið og þær eru lagðar inn til sölu. Þetta er að vísu nokkur önnur hlið málssins heldur en sú, sem hér er sett fram, en þó mikið af sama van damálínu, sem sé því að á síðustu árum hafa bændur, sökum óhagstæðra viðskipta, orðið mjög fjárvana og það kemur glögglega fram í pessari landsfundarsamþykkt, að við Sjálfstæðismenn höfðum glöggan

skilning á pessu.

Framsóknarmennir bantu á pessa leið, og eins og ég segi, það getur vel verið að peir telja með því sé peirra kaupfélögum og Sambandi gerður eitthver greiði málíð þarf ekki að vera verra fyrir það ef það í eðli sínu er gott, en það er líka á það að líta, að með slíkum lánum sem veitt eru eftir föstum reglum pá eru bændur losaðir úr ánaúð hjá föstum kaupmönnum eða kaupfélögum. Ef peir fá hæfileg lán út á sínar eigin afurðir, þá geta peir haft viðskipti þar sem þeim hentar bezt hverju sinni og varan er ódýrust og hafkvæmust og ég hygg að það sé síður en svo að við Sjálfstæðismenn purfum að kviða pessu, ég held þvert á móti að petta hljóti að verða okkur ánægjuefni ef að petta tekst svo til sem til er ætlast. Nú er það að vísu <sup>nú</sup> svo, að það verður/ekki nema út á nokkurn hluta afurðanna sem petta fæst, en fyrirhugað er að greiða fyrir um pessi lán en engu að síður pá er það ljóst að einstakir bændur, hver einstakur bóndi verður mjög miklu frjálsari í sínum ákvörðunum og viðskiptum ef petta kemst fram heldur en hann hefur verið fram að pessu og fyrir þá, sem hafa talið að einn mesti styrkur Framsóknarfloksins væri sá að halda bendum á kaupfélagsklafa, þannig að peir ~~getu~~ sig ekki þaðan hreyft, hlytur petta að vera beinn fengur, enda er það ekki orðum aukið pótt sagt sé að allir okkar sveitarfulltrúar og allir aðrir, sem petta hefur verið borið undir voru því mjög fylgjandi að við féllumst á petta ákvæði. Hins vegar kröfðumst við pess að jafnframt væri sérstaklega vikið að lánamálum iðnaðarins og það er gert í fimmta lið þar sem sat er að endurskoðaðar verði reglur um lán til iðnaðarins með það fyrir augum að koma fastari skipun á petta mál. Petta er nokkuð óákvæðið orðalag en sem liggur í því, að hér er um flóknara mál að ræða en svo að hægt væri að leysa það á jafn skammri stundu. En það sem fyrir okkur vakir og um hefur verið talað er petta: Að reyna að finna reglur um að sá iðnaður, sem <sup>a</sup> tlinn er hollur og framleiða raunveruleg verðmeti, geti svipað því og sjávarafurðir og nú kjötframleiðslan, fengið lán út á sína framleiðslu eftir föstum reglum

Hér er ofurlítill galli á spólu.

það fer eftir öðru, það fer eftir aðstöðu bankanna að öðru leyti. Það sem hér skeður undir öllum kringum - stæðum ef petta nærf fram að ganga, er það að lán-takendurnir eru frjálsari menn en þeir áður voru. Sá einstaki bóndi parf ekki á sama veg og áður að hnékrjúpa peim, sem hann hefur viðskipti við úr kaupstaðnum. Sá einstaki iðnrekandi parf ekki, ef petta nærf fram að ganga og ég hef á því fyrirvafa, vegna þess að petta er ekki athugað til hlýtar af bánsfróðum mönnum. Hann parf ekki að hnékrjúpa bankastjórum á sama veg og gert hefur verið, heldur ef hann framvíesar vissumvermétum pá á hann, eftir tilteknun reglum rétt á sínum láni og við vitum það nú frá útgerðinni sem hefur nú fengið stóraukin hlunnindi, að þessu leyti nú á þessu ári má nú pó í fullu fangi í viðureign sinni við bankana, að petta ef um petta fást ákveðnar reglur pá er það ómetanlegt fyrir atvinnurekendurnar

Þá er sjötti liðurinn þar sem sagt er: "Haldið verði áfram að stuðla að öflun atvinnutækja til þeirra byggðalaga, sem við atvinnuörðugleika eiga að striða til þess að fullnegja atvinnupörf íbuanna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Í þessu hefur mikið starf verið unnið síðustu ár. Ríkisstjórnin hefur gert viðtækar ráðstafanir í þessu skyni. Landsfundur okkar í vor lagði á petta ríka áherzlu. Gerði um það sérstaka samþykkt "Jafnvægi í byggð landsins" þar sem segir meðal annars: "Þótt fundurinn telji ekki heppilegt að fundurinn ríkið hefði sjálfstætt atvinnurekstur í þessu skyni, álitur hann sjálf sagt að miða hinarr árlegu fjárveitingar ríkisins til ýmisíkonar framkvæmda við það að stuðla að jafnvægi byggðarinnar, svo sem við verður komið" - o.s.frv. Æg að þessari nauðsyn, - jafnvægi byggðarinnar - er vikið í fleiri ályktunum,

m.a. í ályktuninni um rafmagnsmálum og sjálfri stjórnmalayfirlysingunni eða ávarpi Landsfundarins til Íslendinga, þar sem talið er eitt meðal aðalatriða að auka jafnvægi í byggð landsins og skapa þjóðinni ný og betri skilyrði til hagseldar.

Með þessu ákvæði er því beinlinis verið að fullnægja einu af meginatriðum e í okkar kosningastefnuskrá frá því í vor.

Þá er sjöundi, sem ég ætla að fella niður í bili.

En áttundi liðurinn, sem hljóðar svo: "Fjárhagsráð sé lagt niður, enda séu nauðsynlegar ráðstafanir gerðar af því tilefni".

Þessi ályktun er einnig í samræmi við okkar stefnuyfirlysingu frá því í vor, þæði þá almennu yfirlysingu um frelsið, athafnafrelni, en þar að auki er berum orðum tekið fram: "Fundurinn lítur svo á, að tímabært sé að leggja niður Fjárhagsráð í núverandi mynd og afnema jafnframt allt fjárfestingareftirlit og felur miðstjórn og þingmönnum floksins að vinna að því, að svo verði gert. En að því leyti sem nauðsynlegt þykir á hverjum tíma að takmarka fjárfestinguna, þá sé það aðeins gert með lánastarfsemi bankanna".

Þarna kemur fram, að þörf muni vera á því e.t.v. að takmarka fjárfestingu, og það er rétt að setja frá því, að ég geri ekki ráð fyrir, að samkomulag verði um það í ríkisstjórninni að afnema með öllu allar takmarkanir á fjárfestingu, t.d. stórhýsum. En við munum leggja á það höfuðáherzlu, að sannilega hafi legið búðarhús, sem einstaklingar óska að byggja og aðrar slikein nauðsynlegar framkvæmdir fái framgang án þess að það þurfi að bera undir nokkurn aðila.

En eins og ég segi, þá getur verið að einhverjar takmarkanir verði, á stærri framkvæmdum, og þá er ósamið um, hvernig þeim verði komið fyrir og það er

rétt að hafa í huga, að ekki er hegt að leggja Fjárhagsráðið niður fyrr en buið er að komast að samkomulagi um petta, þó að stefnuyfirlýsingin sjálf um að leggja Fjárhagsráð niður sé ómetanleg. Vegna þess að hún er ekki aðeins um að leggja niður þessa stofnun, heldur er hún meðki um annan hugsunarnátt, um að menn séu búnir að yfirgefa þá hugmynd um áætlunar-búskap og þer ráðagerðir, að ríkið eigi í einu og öllu að hafa vit fyrir ei nstaklingunum, sem alltaf var að magnast frá því kringum 1930 þangað til árið 1949. Og það er fyrst og fremst merki um það, að menn séu nú erðir-alveg alveg horfnir frá þessari stefnu, sem það er mikilsvert petta ákvæði um að leggja niður þessa stofnun.

Ég vil segja það eins og það er, að með því er ekki hallað neitt á þá menn, sem þar hafa verið af okkar hálfu. Ég veit, að þeir hafa ekki getið sér fyrir vinseldir ~~í~~ við sitt starf. Þeir bjuggust aldrei við því. En ég álítt að þeir hafi unnið par mikið og merkilegt starf, sem við eignum að vera þeim pakk-lát fyrir, og ekki að núa þeim um nasir. Það, að starfið hefur ekki borið tilætlaðan árangur, er ekki þeim að kenna. Það er þratt fyrir það, þó að þeir hafi verið hæfir menn, velviljaðir og ágetir, þá hefur þeim ekki tekist petta, vegna þess að starfið er óleyasanlegt. Eins og það verður alltaf óleyasan-legt að ætla að láta nokkrum mörnum í hendur að afhenda í raun og veru af handahófi til einhverra einstaklinga peninga eða peningaigildi. En við vitum það, að fjárfestingaþeyfi, innflutningsleyfi og annað slíkt er í raun og veru ekkert annað heldur en að gefa þeim einstaklingum, sem petta fá, peninga sem allir einstaklingar í landinu eiga í raun og veru alveg sama rétt á að fá eins og þessir og það er óvinnandi verk og hefur þó sannast glögglega af starfsemi Fjárhagsráðs undir stjórn þess mikilhæfa Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ágæta forustumann s í Sjálfstæðisflokknum, í langa  
hríð, Magnúsar Jónssonar, að - - -

En það kom glögglega fram strax eftir kosningarnar, að Framsóknarflokkurinn, sem hafði að minnsta kosti í ritstjórnargreinum sínum, hvað sem um fréttatflutning, hafði verið nokkurnveginn skikkanlegur í umræðum um utanríkismál og framkvæmd varnarsamningsins breitti mjög um tón. Það voru hafnar mjög rækilega árásir á mig sem utanríkisráðherra og fyrst og fremst átti að ná sér niður á mér með því að ráðast á varnarmálanefndina. Þetta mun hafa komið af því að Framsóknarflokkurinn kenndi tap sitt í kosningunum, að nokkru leyti, stuðningi sínum við utanríkisstefnu fyrrverandi ríkisstjérnar og varnarsamningi. Og nú er mér það í raun og veru óskiljanlegt, að þessir menn hafi ekki búist við því að bíða eitthvert tap af þessum sökum. Ég segi fyrir mitt leyti, ég gerði mér ætíð ljóst og hef marg framtekið bæði á pingmannafundum og flokksfundum oft í þessu húsi, að það væri auðvitað ekki til aukinna vinselda að taka þýðingamiklar ákvarðanir í slíkum málum, ákvarðanir sem búast metti við að ýmsir áttuðu sig ekki á til hlytar. En forustumennirnir, sem betur voru inn í málunum, peir beinlinis svíku sitt hlutverk og brygðust sinni skildu ef peir þyrðu ekki að taka á sig nokkra áhættu í þessum efnum, svo mikið er í húfi, og byggja, fylgja peirri sannfaringu, sem peir hafa öðlast vegna betri yfirsýnar og vegna meiri kunnugleika á þeim hættum, sem að landinu steðja. Þess vegna hlutu menn að vita, allir, að geta búist við einhverjum skakkaföllum af þessu, ekki síst eftir að upp var kominn flokkur í landinu, sem einungis hafði á stefnu-skrá sinni móttöðu gegn þessu málí einu og létt lítið uppi um skoðun sína á örnum málum. Það var eðlilegt í sambandi við allar líðræðisreglur, að peir settu þetta mál ofar öllu öðru og voru því andstæðir, hlytu að hverfa í þann flokk.

Til biðbótar þessu kom svo það, að Framsóknarmenn hlutu alveg sérstaklega að búast við ~~þá~~ ~~þá~~ ~~þá~~ ~~þá~~ ~~þá~~ ~~þá~~ Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfalli af þessu málí. Við síðustu alþingiskosningar  
þá voru nokkrar frambjóðendur Framsóknarflokksins  
yfirlýstir andstæðingar Atlantshafsbandalagsins og  
þar af leiðandi varna landsins og í þeirra hópi  
var sjálfur formaður flokksins, Hermann Jónasson,  
og frambjóðandi flokksins hér í Reykjavík, Rannveig  
Þorsteinsdóttir, og það var vitað mál, að sá lausunda-  
líður, portlíður sem sumir haða kallað, sem hefur  
mest haft æsingar út af þessum málum, kom Rannveigu  
Þorsteinsdóttur á þing síðast beinlinis vegna afstöðu  
hennar í þessum málum og andstöðu hennar við Atlantshaf-  
bandalagið. Nú er það þessum góðu kjörhjuum vildi  
ég segja Rannveigu og Hermanni til mikils lofs, að með  
aukinni ábyrgð, með aukinni þekkingu og yfirsýn hurfu  
þau af þeim villigötum, sem þau höfðu ráfað í þessum  
efnum. Hermann Jónasson hélt eina beztu skýringaréðu  
um nauðsyn á vörnum Íslands, sem ég hef heyrtað haldaa  
í útvarpi rétt fyrir kosningar og Rannveig Þorsteins-  
dóttir hún studdi vopnasamninginn af einlægni á Alþingi.  
Alveg eins og petta fólk 1949 fékk eitthvað af atkvæðum  
vegna þess að það ráfaði þá enn í blindu unnu sín  
þessara mala og sannleikann í þeim, þá hlaut að gera  
sér grein fyrir því fyrirfram, að með því að taka  
skynsamlega afstöðu í málunum hlyti það fólk, sem  
aður hafði kosið þau, eins og til dæmis Þrú Sigriður  
Eiríks og hennar nótar, kosið þau vegna þess að það  
hafði rangt fyrir sér í málunum, það pó að  
snúast á móti þeim.

Til viðbótar því kom svo það, að Timinn pó að  
hann væri heiðarlegur að mestu leyti í ritstjórnar-  
greinum sínum um landvarnarmálin og utanríkismálin  
þá fór því fjarri að hann væri það í fréttatflutningi  
sínum. Það var mjög áberandi fyrir okkur sem til  
þekktum, að aldrei skeði svo neinn smáatburður, sem  
aflaga fari hjá varnarliðsmönnum, að hann væri ekki

samstundis tekinn upp í Tímanum og blásinn par upp, sem hið allra stærsta hnækslismál og látið líta svo út, að pað væri annað hvort vegna mannvonzu pessara manna eða vegna slæleika peirra Íslendinga, ~~þekk~~ sem ættu að hafa eftirlit með þeim. Nú vitum við pað auðvitað öll, að í pessum hópi er misjafn sauður í mörgu fé alveg eins og við verðum að segja, að við blygðumst okkar fyrir pað sem Íslendingar gera. Pað eru engvir Íslendingar, sem hafa ~~á~~ ánegju af því þegar við heyrum um pað, að íslenzk skipshöfn hafi gert helgispjöll í kirkju á Seyðisfirði eða gert upppot á Ketilsstöðum upp í Héraði, sýna þeim bara þér síðustu fréttirnar eða tvar af síðustu fréttunum. Eins vitum við pað, að auðvitað hljóta alltaf einhver vandræðamál að vaxa kringum pessa útlendinga meðan peir dvelja hér en pað duldist ekki, að Tíminn, í stað pess að taka því í pessum vanda, þá blés hann petta upp sem allra mest og gerði petta sem allra ferlegast og geigvænlegast vandamál í sínum fréttatflutningi og pað leyndist heldur ekki á eftir af hverju pað kom, pað kom af því að fréttaritstjóri Tímans, allt petta tímabil, var á andstæðri skoðun við stefnu flokksins í málínus. Strax að kosningum loknum þegar hann sá að Þjóðvarnarflokkurinn fékk eitthvað fylgi þá kastaði hann grímunni og fór yfir og gerðist ritstjóri Frjálsrar þjóðar hjá Þjóðvarnarmönnum, hjá mönnunum sem eru að reyna vakka Framsóknarflokkinn og aðra þá niður sem hafa haft heilbrigða stefnu í pessum málum. Pað er pess vegna ljóst, að Framsóknarflokkurinn hefur í pessu haft fimmstu herdeildarmann til pess að veifa út sem allra óhagstæðustum, ósvífnustum og ógeðslegustum fréttum til landsliðsins árum saman. Lands sem beinlinis var að vinna með fréttatflutningi sínum á móti stefnu flokksins og hvernig gátu peir menn sem létu petta við gangast og petta sáum við allvel að hlaut að vera, vegna pess að pað var svo margt úr lagi fert og ranglega frá skyrt, að pað hlaut að vera ~~þ~~ illur vilji og svik í taflí

en hvernig gátu þeir menn, sem lokaðu augunum fyrir  
pessu fyrir kosningar búist við öðru heldur en þeir  
hefðu einhvern halla af því þegar til kosninganna kom.  
Í stað þess að gera sér grein fyrir öllu þessu þá  
toldu hú hinir vísu ráðamenn Framsóknarflokksins,  
að ráðið hefði eða ~~gag~~ verið sá, að það hefði  
ekki verið mó að sakmáma Bjarna Benediktsson fyrir  
meðferð domsmálanna heldur mundi hefði verið ráðlegra  
að skamma hann meira fyrir utanríkismálin og ef þeir  
hefðu gert það það hefði allt farið vel fyrir þeim.  
Og það var þá ekki látið setja það við þær ráðagerðir

nauðsynlegt frá þeirra sjónarmiði ef svo færri að ekki  
yrðu stjórnarsamningar að gera þá árásina strax  
að reyna að gera þessi mál sem allra tortryggilegust  
til þess að gera þau að höfuðbaráttumáli í næstu  
pingkosningu. Þetta duldist mér heldur ekki, það  
var alveg ljóst að þessi hætta var fyrir höndum.  
Nú dettur mér ekki að halda því í hut eitt augnablik,  
að ekki hafi sitthvað farið aflaga í meðferð minni  
á þessum málum, það hefði mátt betur fara, við höfum  
alltaf lært af reynslunni og reynum að nýta okkur

hana. Eins vil ég segja eins og er, að ég hef verið einstaklega heppinn í starfi peirra samstarfsmanna minna, sem hafa haft með framkvæmd þessara mála að gera eða Hans Andersens, Guðmundar Í. Guðmundssonar á þeim tveimur hefur þunginn mestur hvílt en einnig að nokkru leyti á Agnari Kafoud Hansen, sem oft hefur verið utanlands, en allri þessir með hafa unnið af einlægni og trúmannsku og þekkingu og dugnaði að lausn þessara mála. Ég fagna því sannarlega ef það koma aðrir betri og hæfari menn til þess að leyst þau af hendi. Þetta eru menn frá þessum höfuðflokkum. Æg að það er Framsóknarflokkurinn einn sem á betri menn til þess að leysa þau, þá skal enginn verða glæðari eða fyrri til þess að viðurkenna það heldur en ég. Hitt segi ég ykkur, hafandi á þessu glögga þekkingu og nokkra sjálfsgagnrýni og vilja til þess að fylgjast með þeim sem eiga að vinna verk sumpart á mína ábyrgð, að meginhlutinn ~~sem~~ af því sem um þessi mál er sagður í okkar andstæðingablöðum og þar með talinn Tíminn, ég vil segja 95% af því er hrein lýgi, algjör uppsþuni og úlfaldí gerður úr myflugu. Hvort að öll lýgi og allur sakarábúrður fellur niður þegar við sleppum málunum er annað mál. Ég vil heita á Sjálfstæðismenn þó að við teljum að ódrengilega hafi að nokkru leyti verið að okkur búið í þessum efnunum, og ég segi það eins og er, að ég tel að í ritstjórnargreinum sínum hafi Tíminn ekki gert það að neinu marki meira en búast <sup>erjum</sup> má við í hinum pólitísku ~~efnum~~ fram að kosningum en þó að við teljum, að ekki hafi að öllu leyti verið komið fram gagnvert okkur í þessu eins og vera setti þá skulum við ekki leika þann ljóta leik. Við skulum lofa þeim mönnum, sem nú takakþessi mál að sér og vildu gera það með þeim hætti að taka einir ábyrgðina á öllu. Peir <sup>peirri</sup> lento í raun og veru í því sjálfhéldu sjálfir að krefjast þess vegna þess að þegar peir hófu árásirnar á okkur eftir kosningar þá var svo óheppilegt að meginhlutinn af því sem peir bentu á voru atriði, sem voru hreinlega alls ekki

á ábyrgð mína eða varnarmálaneftnar. Það voru atriði sem Fjármálaráðuneytið átti að sjá um, atriði sem Félagsmálaráðuneytið átti að sjá um og svo frv.

Tíminn lenti í mestu vandræðum vegna þess að Félagsmálaráðuneytið var undir forstöðu þess ágöta manns Steingrims Steinþórssonar og hitt undir forstöðu Eysteins Jónssonar það voru sumpart afglöp, sem Fjármálaráðuneytið hafði gert ekki Eysteinn Jónsson, það hafði illa til þekist ekki af illvilja heldur höfðu mistök átt sér stað hjá því ráðuneyti eins og með ~~kann~~ nútvegun suður á Vatnleysuströnd eða suður í Vogum. Það voru önnur atriði, eins og aðbúnaður verkamanna, fjöldi manna, sem parna vinnur, eftir landsins lögum, heyra undir félagsmálaráðuneytið. Félagsmálaráðuneytið átti að snúa sér til utanríkisráðuneytisins og varnamálaneftnar, ef eitthvað hafði farið aflaga. Tíminn hafði þess vegna eingöngu við pessa sína eigin vini, félaga og húsþendur að sakast.

Petta leiddi til þess, að Tíminn fór að skrifa um það, að ég hefði komið þessu vitlaust fyrir, ég hefði átt að heimta allt vald undir mig einan. Ja, ég á nú eftir að sjá, að þeir hefðu viljað sleppa við mig miklum völdum, Steingrimur Steinþórsson eða Eysteinn Jónsson. Ef ég hefði farið fram á það, meðan ég fór með utanríkismálin og þeir með sín mál. Ætli þeir hefðu ekki sagt, að það væri auðvitað félagsmálaráðherrann, sem á að ákveða það, hvað margir menn vinna parna suður frá. Það er til hans, sem atvinnuleysingjarnir koma, þegar atvinnuleysi er, og það var hér allt fram á miðjan veturnar í veturnar, en ekki utanríksráðherrann, sem á að segja til um það. Ég er ósköp hræddur um að þá hefði verið talað um yfirlang Bjarna Benediktssonar, frekju og ofstæki.

En vegna þess að þeir tóku málid svona upp, þá og sögðu þetta var allt að kenna röngu skipulagi, þá héldu þeir fast við það, að þegar þeir áttu að taka málid, að þeim væri nauðsynlegt að fá þetta skipulag á. Ja, það

er ekkert launungarmál, það kemur fram í Tímanum í morgun, að Framsóknarmenn hafi lagt mjög ríka áherzlu á að fá petta svona, það er alveg rétt. Ég gerði það að gamni mínu að sýna þeim fram á, að petta veri að sumu leyti órökrétt, sem þeir væru að fara fram á, og bryti í bága við réttar stjórnarvenjur að sumu leyti. Petta varð til þess að þeir k  
og héldu að pað-veri eitthvað væri á móti mér gert með því að sækja fast eftir þessu. Gerður kröfur sínar eindregnar og fastari. Ég inn á við tölувart gáman af, hvernig ákefðin jökst í þeim. Ég tel það út af fyrir sig vera gott, ef einn aðili vill taka á sig ábyrgð á þessum málum, þá er ekki um annan að sakast um ábyrgðina á því. Ef honum tekst vel, þá er það honum að pakka, hann getur þá ekki kennt öðrum, ef ver tekst.

Ég segi petta ekki vegna þess að ég unni Framsóknarflokknum illa hlutar af þessu, þvert á móti, ég annonum góðs hlutar af þessu. Ég tel það vera drengskaparskyldu okkar Sjálfstæðismanna að standa með Framsóknarflokknum, þegar hann nú tekur á sig pennan vanda, og okkar vegur verði mestur eins og ella að koma á sátt með drengskap, yfirsýn og manndómi og styðja gott mál, hvaðan sem kemur og hver sem með það fer. Og ég tel þeim mun ríkari ástæðu til þess, þar sem það er vitað, að Framsóknarflokkurinn hljuttur, ekki aðeins málefnnanna vegna, - í þessum málum koma alltaf upp vandamál, sem erfitt verður að leysa og auðvelt er að skamma pann, sem með þau fer -. Það er ekki fyrst og fremst málefnnanna vegna, eða eingöngu málefnnanna vegna, sem Framsóknarflokknum verður erfitt að fara með petta, heldur vegna þess að hann er mjög klofinn í þessum efnunum. Ekki mjög klofinn, það er ofmelt, en það er þegar nokkur hópur, sérstaklega yngra manna, sem er þar á móti sínum forustumönnum um stefnuna í utanríkismálum og varna málunum.

Og þá kem ég að því af hverju ég taldi það vera hyggilegt, beinlinis hyggilegt, að Sjálfstæðisflokkurinn léti nú af utanríkismálunum um sinn.

Það hefur atvikast pannig, að frá því svo að segja að lýðveldið var stofnað höfum við Sjálfstæðismenn óslitið farið með utanríkismálin. Á þessum málum hafa mjög þýðingamiklar ákvarðanir verið teknar í þessum efnum. Ákvarðanir sem þó við hefðum verið sannfærðir um séu gerðar af ríkri nauðsyn og allir ábyrgir menn hlytu að hafa komist að sömu niðurstöðu um hljóta engu að síður gersamlega í bág við fyrri hugmyndir manna um stöðu Íslands í heiminum. Okkur hefur gekist misjafnlega vel en þó allvel í heild að skapa sterka fylkingu um þessi mál. Þegar bezt hefur látið höfum við haft svo að segja óskipta alla pingmenn, ekki aðeins aðla pingmenn Sjálfstæðisfloksins, heldur svo að segja alla pingmenn Framsóknar og Alþýðufloksins. En stundum hefur heldur ekki munað nema órfáum atkvæðum og það er alveg greinilegt, að við erum nú í yfirvofandi hættu um það að ofstæðis og öfgamenn taki upp þá stefnu að hefja núverandi stefnu íslendinga í utanríkismálum engöngu Sjálfstæðisfloksins stefnu í stað þess sem rétt er að telja það hina íslenzku stefnu og þá einu íslenzku stefnu sem til gréina getur komið í hugum allra ábyrgra manna. En þeim mun leingur, sem við Sjálfstæðismenn einir fórum með þessi mál og þeim mun ~~þingið~~ lengur sem þarf að taka og oftar þarf að taka ákvarðanir, sem eðlilegt er, að hinir óþroskaðri hjá landslyðnum eigi erfitt að átta sig á í skjótri svipan þeim mun meiri hætta er á því, að okkar andstöðuflokkar sameinist á móti okkur í þessu málí og einungis að þeir og ákvefð bardagans snúist á móti málum, sem þeir annars í eðli sínu og sem ábyrgir menn mundu verða með. Við sjáum þetta glögglega af veðraskiptunum sem orðið

hafa hja Alþýðuflokknum eftir að lánleysinginn Hannibal Valdimarsson tók par við forustu í vetur. Við vitum að börn/ pað eru til í Framsóknarfloknum, sem vilja leiða Framsóknarflokkinna inn á óheilla brautir í pessum efmum og við skulum ekki halda, að pað sé neinn íslenzkur veikleiki, veikleiki íslenzkra stjórnmalamanna að fara svoaa að. Pað stendur á sama hvaða stjórnmalamann pið talið við t.d. úti í löndum, allir ljúka upp einum rómi um pað, að ein mesta gefa vestrænna þjóða, að á árunum eftir 1945 fóru brezkir verkamannaflokksmenn með utanríkismálín par, en ekki íhaldsmennirnir. Íhaldsmennirnir höfðu á pessum málum pá réttu skoðun og peir fylgdu henni hvort sem peir voru í stjórn eða ekki. Árin fyrir 1939 sýndu að verkamannaflokkurinn hafði á pessu alveg óraun-hœfar skoðanir. Hann kvatti til andstöðu gegn Hitler og Þjóðverjum og kvatti til ráðstafana, sem hlutu að leiða til striðs um leið og alltaf barðist á móti vígbúnaði heima í Englandi, þannig að ef peirra stefnu hefði verið fylgt gegnt hefði England lent í peirri mestu glötun. Pað var vitað mál, að margir verkamannaflokksmenn héldu, að pað væri hegt auðveldlega að ná samkomulagi við Rússa eftir striðið. Pað var vegna þess að peir lento sjálfir í að stjórna vegna þess að atburðirnir sjálfir kenndu peim, að peir toku upp raunhœfa og skynsamlega stefnu og pað er vegna þess lærðoms, sem peim pá hlotnaðist, sem peim tekst enn pann dag í dag að halda niðri, öfga fólkini í sínumeigin flokki jafnvel þó peir séu nú búinir að vera í andstöðu og eru í öllum meginatriðum enn í dag sammála íhaldsmönnunum.

Pað er einnig eftirtektarvert, að þó að fyrrverandi stjórn Bandaríkjamaðra, Trumans og Achesons, væri skömmuð mikið af núver andi valdhöfum, þá hefur í meginatriðum, pað eru við frávik, en í meginatriðum, t.d. Kóremálínu og öðrum slíkum málum, verið fylgt sömu stefnu eins og áður var gert. Vegna þess að atburðirnir sjálfir hljóta að knýja þá menn, sem velviljaðir eru og hafa þó sömu grundvallarskoðanir; í peim efnum eru kommarnir á allt

annarri bylgjulengd; en alla velviljaða menn, sem kynnast málunum og hafa þér grundvallarskoðanir, sem frjá�ir lýðræðismenn í Vesturlöndum hafa, þeir neyðast, vegna hinnar geigvænlegu hættu, sem stafar hinu rússneska ofbeldi, og kommúnismans yfirlangangi, til þess að fylgja hinni sömu stefnu í stórum dráttum, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt í fyrst. Það er einnig eftirtektarvert, að Hans Hedtoft, sem sá nú ástæðu til þess þremur eða fjórum dögum fyrir kosningar hér á Íslandi, að fara að blanda sér í íslensk mállefni, með því að-fara að tala um afstöðu íslendinga um til varnarliðsins, sem hann hefir enga þekkingu á og veit ekkert um. Að hann ætlar að reyna að slá sér upp í sínu eigin landi, með því að láta líta svo út, sem hann sé alveg á móti varnar að taka inn bandarískan flugstyrk til Danmerkur. Það getið vel verið að hann haði þessa stefnu eftir kosningar, skal ekkert um það segja, get ekki lesið hans hug, hitt veit ég með vissu, að hann hafði aður verið í ráðagerð um að gera petta, og hitt veit ég líka með vissu, að þegar hans yfirlýsing er lesin ofan í kjölinn, þá er hún svo rúm, að hún gefur horum möguleika til þess að gera það eftir kosningar, ef hann fer völdin, sem hann vill fólkinn láta fólkioð halda fyrir kosningar, að hann ætli sér ekki að gera.

Nei, við sjáum ætið petta, að menn, sem lenda í ábyrgðarleysi og andstöðu reyna að grípa til þessara mála, einmitt af því að það er svo auðvelt að ge ra menn tortryggilega, að þeir séu of þegir við erlenda hagsmuni, grípa til þess ráðs, til þess að hefja sjálfa sig upp í baráttunni. Nú er það sannast sagt um Frásknarflokkinn, að meginhluti hans er á réttri stefnu um þessi mál. Ráðamenn hans nú allir eru að því er ég bezt veit sammála okkur í höfuðefnum. En það er enginn vafi á því, að breði verða þeir veiklundaðri þeirra

fyrir miklum freistungum til að ná sér niðri á okkur í pessum málum, ef peir halda það verði peim til kjósendafylgis, eins og það gerir peim baráttuna fyrir hinum góða málstað örðugri, að öfgamennirnir hjá peim segja: ja, petta erekki ykkar málstaður, þið eruð þarna að taka upp málstað Sjálfstæðisfloksins, Bjarna Benediktssonar, Ólafs Thors og þeirra kumpána.

Pess vegna er enginn vafi á því, að ef við viljum fá það, sem okkur er nauðsynlegt í utanríkismálunum, og í utanríkismálunum umfram öll önnur mál, og hægt er að fá utanríkismálunum, að minni skoðun, ef rétt er á haldið, viðurkennda íslenzka stefnu, ekki stefnu eins einstaks flokks, við getum verið hreyknir af því að hafa lag t grundvöllinn og

heldur en aðrir, en getur verið banvænt fyrir hinn góða málstað, ef það yrði trú manna, að þetta væri aðeins okkar stefna. Það, sem við purfum, er að fá viðurkenningu pjóðarinnar og fjöldans á því, að okkar stefna sé sú sanna og íslenzka stefna. Fá undir okkar stefnu nógum breiðan grundvöll, þannig að engir verði fyrir

freistingu vegna augnablikshagsmuna, til þess að yfirgefa hinn góða málstað. Pess vegna taldi ég rétt nú, og ég taldi það strax áhorfsmál 1949, hvort ekki væri einmitt rétt, út frá pessum sjónarmiðum, og hafði orð á því í mínum flokki, að láta Framsóknarflokkinn fá utanríkismálin. En nú taldi ég það, frá þessu sjónarmiði, þó ég játi marga ókostí við það

, þá taldi ég það bezt fyrir framtíðina, fyrir pjóðarheildina, og fyrir velferð þessara mala og par með pjóðarheildarinnar, að gera með þessu tilraun til þess að skapa öruggara fylgi til þess að skapa öruggan grundvöll undir íslenzka stefnu í pessum málum. Örugga tiltrú fjöldans, sem ein getur orðið það st bólvirki, sem heldur fyrir áróðri og lygum í þessu sem öðru. Pess vegna var það

ekki vegna þess að við léturnum á nokkurn hátt í minni pokann það var ekki vegna þess að við gerðum það því að okkur langaði svo mikið til þess að fá forsætið, þó að það væri sjálfsagt að við fengjum það, að við léturnum málin, heldur af því, að okkar áliti er það skynsamlegt fyrir framtíð og heill Íslands.

Ég bið ykkur afsaka ég hef orðið langorður eins og stundum áður, en það er kanskje virðandi til vorkunnar þar sem ég varð að gera grein fyrir þessum malefnasamning og einnig að ræða nokkuð um þau mál, sem ég hef nú farið með allt að 7 ár og hef því nokkra reynsluþekkingu af.

Ég óska Framsóknarflokknum alls góðs við meðferð peirra mála og vona að mínum eftirmanni takist að halda þannig áfram, að með sanni megi segja að hann hafi gott starf unnið. Annars er það svo með ekki síður okkur alla, að sem í þessu stöndum og/sem í þessu höfum verið jafn lengi og ég og sumir aðrir, að við gerum okkur ljósari örðugleikana við stjórnarsetu heldur en kanskje flestir aðrir, og horfum með nokkrum öf undaraugum til Björns Ólafssona r, sem nú hefur haft manndóm í sér, að neita með öllu að taka þátt í stjórnarstarfinu lengur. Ég vil fyrir taka undi þær pakkir það gott samstarf, sem formaður flokksins bar til hans. Mér hefur líka við hann ágetlega og á hverjum degi betur.

En þó að það sé ekki með neinum sérstökum fögnuði, að við höldum áfram okkar starfi þá er það vegna þess að okkur hefur verið talin trú um, meðal annars af fylgi ykkar góðu kjósendur, að það væri okkar rétti staður í þjóðfélaginu í bili að standa í þessum, ekki allt of meðisömu stöðum, að við leggjum nú í enn eina siglingu. Okkur veitir sannarlega ekki af fyrirbænum allra góðra manna til þess að leysa þann vanda af

höndum, sem vi framundan er en því verðum við öll  
að treysta og heita, að reyna að vinna Íslandi vel þar  
sem við hverju sinni erum stödd.